

Ed.

869. Framhalds-nefndarálit

um frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir árin 1912 og 1913.

Frumvarp þetta kemur nú aftur í sömu mynd, eins og það var í, er það hið fyrra sinn kom fyrir háttvirta efri deild, að því undanteknu, að leiðrjetting sú hefir verið látin óátalin, er hjer var gjörð á samlagningarvillu, er verið hafði í frumvarpi stjórnarinnar. Nefndin í neðri deild segir um það, að hjer var öll lánsupphæðin kr. 750000,00 færð til upphæðar gjaldamegin, að það sje ekki rjett, »vegna þess að þegar reikningurinn var gerður voru kr. 500000,00 af láninu óeyddar og var því sjálfsagt að telja þær með öðrum tekjuafgangi, eins og gert er í frumvarpi stjórnarinnar«. Hjer er blandað saman tekjuafgangi og peningaforða og leyfum vjer oss að fara um mál þetta nokkrum orðum.

Eðlilegast er að telja sem tekjuafgang það, sem tekjur landssjóðs í raun og veru fara fram úr útgjöldum.

Árið 1912 voru tekjur landssjóðs	kr.	2151249,72
Árið 1913 — — —	—	2278443,77
						Samtals:	kr. 4429693,49
Árið 1912 voru útgjöld landssjóðs	...	kr.	2058330,40				
Árið 1913 — — —	...	—	2063139,91				
Við útgjöldin bætast	16339,55	kr. 4137809,86
Tekjuafgangur árin 1912 og 1913		kr. 291883,63

Ef tekjuafgangur er skilinn á þennan veg, þá verður að telja til jafnaðar gjaldamegin upphæð þeirra lána, sem tekin hafa verið og talin eru tekjumegin.

En ef lán er tekið og talið með tekjunum, þá má einnig telja sem tekjuafgang það sem tekjuupphæðin samanlögð fer fram úr gjöldunum. Þeirri reglu var fylgt í lögum um samþykkt á landsreikningnum fyrir árin 1908 og 1909. Væri landsreikningnum fyrir árin 1912 og 1913 hagað eins, þá yrði tekjuafgangurinn kr. 1041883,63.

Tekjur...	kr.	5179693,49
Útgjöld	—	4137809,86
Afgangur	kr.	1041883,63

Tekjuafgangurinn breytist ekkert við það, þótt meiru eða minna af honum eða af lánum þeim, er tekin hafa verið, hafi verið varið til að kaupa bankavaxtabrjef eða gjört arðberandi á annan hátt. Það er að eins peningaforðinn er við það breytist. Tekjuafgangurinn er hinn sami, hvort sem hann er í sjóði hjá landsfjehirði, í hlaupareikningi í banka eða í arðberandi verðbrjefum. Því er það, að það hefir engin áhrif á upphæð tekjuafgangsins hvorri af ofanefndum skilgreiningum, sem fylgt er, þótt mestum hluta fyrra lánsins, sem tekið var 1912 kr. 250000,00, væri varið til að kaupa bankavaxtabrjef.

Það sem í frumvarpi því, sem fyrir liggur, er kallað tekjuafgangur er kr. 500000,00 meira en tekjuafgangurinn eftir fyrri skilgreiningunni, sem getið er hjer að ofan, en kr. 250000,00 minni heldur en eftir síðari skilgreiningunni, en þótt það sje þannig óljóst, hvað skilið er við tekjuafgang í frumvarpinu, þá er þó gjaldamegin talin öll upphæð lánanna kr. 750000,00 þar af í 15. lið kr. 250000,00 og sem viðbót við tekjuafganginn kr. 500000,00. Niðurstaðan verður því hin sama, eins og í frumvarpi því sem afgreitt var frá efri deild, þar sem upphæð lánanna öll var tilfærð í 15. lið gjaldamegin og tekjuafgangurinn talinn kr. 291883,63.

Með því að munurinn þannig að eins liggur í forminu, þá viljum vjer leggja til að við svo búið standi, og að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Efri deild Alþingis, 7. sept. 1915.

Björn Þorláksson,
formaður og framsögum.

Eiríkur Briem,
skrifari.

Guðm. Ólafsson.